

AUGLÝSING
um breytingu á aðalskipulagi Eyjafjarðarsveitar
vegna fjölgunar íbúða á ÍB14, Eyrarlandi.

Skipulagsstofnun staðfesti 29. júní 2023 óverulega breytingu á aðalskipulagi Eyjafjarðarsveitar 2018-2030 sem samþykkt var í sveitarstjórn 25. maí 2023.

Í breytingunni felst að íbúðum innan íbúðarbyggðar ÍB14 á Eyrarlandi er fjölgað úr 15 í 16. Engin breyting verður á skipulagsupprætti og sérákvæði fyrir ÍB14 haldast hin sömu.

Málsmeðferð var vegna óverulegrar breytingar á aðalskipulagi samkvæmt 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Skipulagsstofnun, 29. júní 2023.

Ólafur Árnason.

B-deild – Útgáfudagur: 13. júlí 2023